

20. fundur

18. júní 2018

1606030SA

Málalykill: 16.03

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 18. júní 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB, Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í síma og Karl Rúnar Þórsson. Árni Steinar Stefánsson, fulltrúi ASÍ boðaði forföll. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Niðurstöður rýnihópavinnu vegna náms félagsliða**

Lögð fram samantekt úr rýnihópavinnu vegna náms félagsliða sem fram fór 6. júní s.l. Vinnan var liður í endurskoðun lýsingar á 180 eininga námi félagsliða á framhaldsskólastigi.

Starfsþróunarnefnd fagnar vinnu rýnihóps og verða næstu skref tekin í samráði við Starfsmennt og Borgarholtskóla.

### **2. Mat á námi stuðningsfulltrúa**

Lögð fram beiðni um mat á námi af félagsliðabraut-brú í Borgarholtskóla. Starfsmaður starfar sem stuðningsfulltrúi og er með menntun fyrir stuðningsfulltrúa.

Afgreiðslu frestað.

### **3. Mat á námi starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði**

Lagt fram erindi frá Verkalýðsfélaginu Hlíf varðandi námskeið starfsmanna á leikskólum í Hafnarfirði. Einnig liggja fyrir fundi upplýsingar um námskeið og starfsheiti starfsmanna.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður í leikskóla sem lokið hefur 18 einingum á námsbraut fyrir leikskólaliða frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

Samþykkt að fresta afgreiðslu á mati náms annarra starfsmanna sem óskað var eftir skoðun á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 2. júlí 2018 kl. 9.30.